

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

II. HEILDSALA.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæða þeirra.

Í gjaldskrá þessari eru tilgreindir mánuðir og ár — almanaxsmánuðir og almanaxsár.

2. gr.

Rafmagnsgjald.

| | |
|--|----------------------|
| Aflgjald | 3 428,60 kr. á árskW |
| + Orkugjald fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW | 109,20 aurar á kWh |
| Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW | 63,60 aurar á kWh |
| Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW .. | 29,90 aurar á kWh |

3. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. miðast við að rafmagnið sé afhent á 33 eða 66 málsþennu. Sé afhendingarspennan lægri hækka öll gjöld samkvæmt 2. gr. um 5%.

4. gr.

Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalalag á afhendingarstað.

5. gr.

Ársnýting.

Ársnýting í klukkustundum er raforkunotkun eins almanaxsárs í kWh deilt með þeim álagstoppi í kW, sem greiða skal fyrir.

6. gr.

Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

7. gr.

Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílóvattstundarverð skv. 2. gr. umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

8. gr.

Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðar-

greiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda sbr. 76. gr. orkulaga nr. 581, 1967.

Heildsölugjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1984. Jafnframt er úr gildi felld heildsölugjaldskrá nr. 118 22. febrúar 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 24. apríl 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Bessastaðahrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 23,60.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

| | Kr. |
|--|--------|
| a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ " | 121,00 |
| b) fyrir mæla 1" og stærri | 270,00 |